



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 10/2007

Mál Véla og þjónustu ehf. og Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf.

I.

Erindið

Með erindi, dags. 15. desember 2005, til Neytendastofu kvartar Heiðar Ásberg Atlason hdl., f.h. Véla og þjónustu ehf., yfir notkun Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf. á firmanafninu Vélar og þjónusta.

Í erindinu segir að Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. hafi notað heiti Véla og þjónustu ehf. í auglýsingum og markaðssetningu án samþykkis fyrirtækisins. Einnig hafi Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. skráð nafn sitt með þeim hætti í símaskrá að nafnið komi upp þegar beðið sé um Vélar og þjónustu ehf. Það valdi miklum ruglingi fyrir neytendur þar sem fyrirtækin séu í beinni samkeppni auk þess sem Vélar og þjónusta ehf. hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni með því að viðskipti hafi tapast.

Samkvæmt samþykktum Véla og þjónustu ehf. sé tilgangur félagsins innflutningur, smásala, heildsala, rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Meginstarfsemi félagsins snúi að sölu á vélum og varahlutum í beinni samkeppni við Rekstrarfélagið Vélar og þjónustu ehf. Nafnið Vélar og þjónusta sé skráð í firmaskrá og njóti verndar samkvæmt lögum og þriðja aðila sé því óheimilt að misnota það með villandi framsetningu. Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. sé sannanlega að gefa villandi upplýsingar um eignarrétt og ábyrgð með því að þykjast vera umbjóðandi Véla og þjónustu ehf. Því sé um að ræða brot gegn 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005.

Útrentun frá bankalínu Véla og þjónustu ehf. er lögð fram sem dæmi um þá ruglingshættu sem hafi skapast. Þar sé að finna reikninga sem sendir hafi verið Vélum og þjónustu ehf. til greiðslu en hafi átt að fara á Rekstrarfélagið Vélar og þjónustu ehf. Einnig hafi Vélar og þjónusta ehf. áframsent fjölda annarra reikninga til Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf. sem borist hafi fyrir mistök. Þetta sýni að raunveruleg ruglingshætta sé fyrir hendi og að nauðsynlegt sé að vera vel vakandi svo að reikningar keppinauts séu ekki greiddir fyrir mistök.

Bent er á heimasíðu Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf., www.velar.is, þar sem hvergi komi fram að fyrirtækið heiti í raun Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. heldur komi aðeins fram nafnið Vélar og þjónusta ehf. Látið sé að því liggja að Vélar



og þjónusta ehf. standi að því fyrirtæki sem heimasíðan auglýsi og framsetningin sé því villandi og ólögmat.

Að lokum segir að með framangreindri háttsemi sinni sé Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. vísvitandi að villa á sér heimildir í þeim tilgangi einum að ná til sín viðskiptum og velvild sem tilheyri Vélum og þjónustu ehf. Slíkt stríði gegn góðum viðskiptaháttum, sbr. 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 og þess er krafist að Neytendastofa kveði úr um það að notkun Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf. á nafni Véla og þjónustu ehf. sé ólögmat og banni því að nota firmanafnið með þeim hætti sem lýst hafi verið. Þess sé ennfremur krafist að Neytendastofa hlutist til um að skráning á nafni Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf. í símaskránni verði breytt og að umfjöllun á heimasíðunni verði leiðrétt.

II.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 21. desember 2005, var erindi Véla og þjónustu ehf. sent Rekstrarfélaginu Vélum og þjónustu ehf. til umsagnar. Ekkert svar barst og gaf Neytendastofa Rekstrarfélaginu Vélum og þjónustu ehf. lokafrest til að koma að athugasemdum og skýringum með bréfi dags. 9. febrúar 2006. Svar barst frá Eggerti Páli Ólasyni hdl., f.h. Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf., dags. 20. febrúar 2006.

Í svarinu segir að nafnið Vélar og þjónusta sé vel þekkt heiti í hugum neytenda á Íslandi. Nafnið eigi langa sögu í atvinnurekstri því fyrirtækið Vélar og þjónusta hf. hafi verið stofnað fyrir meira en 30 árum. Í auglýsingum hafi heitið ýmist verið ritað sem „Vélar og þjónusta hf.“ eða „Vélar & þjónusta hf.“. Heitið hafi verið notað í fjölmörgum auglýsingum um langt skeið og það geti ekki tengst einkahlutafélaginu Vélum og þjónustu ehf. með þeim órjúfanlega hætti sem látið sé að liggja í erindi fyrirtækisins þar sem það hafi verið stofnað árið 2004.

Þá er rakið að félagið Vélar og þjónusta hf. hafi lent í rekstrarerfiðleikum, sem hafi leitt til þess að félagið hafi verið úrskurðað gjaldþrota í september 2004. Þrotabú félagsins hafi tekið við öllum fjárhagslegum réttindum og skyldum þess en lánardrottinnar félagsins hafi tekið ákvörðun um að halda rekstrinum áfram. Einn af þeim þáttum sem hafi ráðið ákvörðuninni var að félagið og heiti þess hafi verið mjög vel þekkt á markaði. Lánardrottinnar stofnuðu Rekstrarfélagið Vélar og þjónustu ehf. til að taka við réttindum og skyldum þrotabúsins og tók það til starfa í september 2004. Premur mánuðum síðar, í desember 2004, var fyrirtækið Vélar og þjónusta ehf. stofnað. Undarlegt sé að einkahlutafélagið Vélar og þjónusta sem kjósi að starfa á sama markaði og tvö önnur félög sem þegar nota sama heiti, skuli velja umrætt heiti



engu að síður og kvarta strax í framhaldinu undan óréttmætum viðskiptaháttum þeirra sem fyrir eru.

Ekki sé hægt að svara fyrir meint fjárhagslegt tjón Véla og þjónustu ehf. enda sé aðeins um að ræða órökstudda fullyrðingu. Vélar og þjónusta ehf. hafi tekið sér umrætt heiti þrátt fyrir að tvö félög sem störfuðu á sama markaði hafi þegar notast við heitið og það sé með öllu óljóst hvers vegna félagið hafi kosið að koma sér sjálft í umrædda aðstöðu. Því hafi mátt vera ljóst að notkun heitisins kynni að valda brengli í hugum neytenda og því geti háttsemi Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf. ekki talist ósæmileg eða ótilhlýðileg varðandi notkun á heitinu Vélar og þjónusta ehf.

Því er mótmælt að Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. nýti sér orðspor og viðskiptavild Véla og þjónustu ehf. með því að villa á sér heimildir og misnota nafn félagsins. Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta leiði rétt sinn til heitisins beint til hinnar upphaflegu starfsemi Véla og þjónustu hf. og áratuganotkunar á heitinu. Auk þess að Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. hafi tekið við réttindum og skyldum þrotabús Véla og þjónustu hf. þá hafi fyrirtækið þegar hafið rekstur með áberandi hætti áður en Vélar og þjónusta ehf. hafi komið til sögunnar. Sá aðili málsins sem reyni með óréttmætum hætti að villa á sér heimildir, misnota nafn annars félags og nýta sér orðspor þess og viðskiptavild sé Vélar og þjónusta ehf. og augljóst sé að kærandi hafi sjálfur brotið gegn 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005.

Vegna þeirra dæma sem Vélar og þjónusta ehf. nefni um rugling þá sé bent á að Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. geti ekki svarað fyrir mistök þriðju aðila við útgáfu reikninga. Hins vegar sé því ekki mótmælt að ruglingshætta sé fyrir hendi en þar sé engum öðrum um að kenna en kæranda sjálfum.

Vegna kröfu kæranda um að Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. noti fullt heiti sitt til að komast hjá hugsanlegum ruglingi sé ítrekað að Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. sé hinn rétti aðili sem hafi leyfi til að nota heitið. Það sé í fullum rétti til að nota heiti sitt á heimasíðu sinni, hvort sem það er í heild eða að hluta. Þá sé það algengt að ekki sé að finna allra nánustu upplýsingar um rekstraraðila félags á heimasíðu þess.

Með vísan til framangreindra raka sé því alfarið hafnað að Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. villi á sér heimildir í þeim tilgangi að ná til sín viðskiptum og velvild, sem með einhverjum hætti tilheyri Vélum og þjónustu ehf. og að um sé að ræða brot gegn lögum nr. 57/2005. Ástæða þess að Vélum og þjónustu ehf. hafi tekist að fá firmað skráð megi rekja til þess að örfáum dögum áður en Vélar og þjónusta hf. hafi orðið gjaldþrota hafi fyrrum stjórnendur þess, sem séu núverandi eigendur Véla og þjónustu ehf., breytt nafni fyrirtækisins í V og Þ hf. Síðar hafi þeir stofnað einkahlutafélagið Vélar og þjónusta ehf. Framkoma sem þessi stríði gegn góðum



viðskiptaháttum og gefi vísbendingu um hinn óheiðarlega hug sem að baki býi hjá fyrirsvarsmönnum kæranda.

Að lokum er þess krafist að Neytendastofa kveði á um að notkun Véla og þjónustu ehf. á umræddu heiti sé ólögmat og að fyrirtækinu verði bannað að nota firmanafnið, sem með réttu tilheyrir Rekstrarfélaginu Vélum og þjónustu ehf.

2.

Heiðari Ásberg Atlasyni hdl., f.h. Véla og þjónustu ehf., var sent svar Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf. til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 24. febrúar 2006. Ekkert svar barst og var honum veittur lokafrestur til að koma að athugasemdum með bréfi Neytendastofu, dags. 14. júní 2006.

Ekkert svar barst og með bréfi Neytendastofu, dags. 31. ágúst 2006 var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að fyrirsjáanlegar væru tafir á afgreiðslu málsins sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni. Einnig var Eggerti Páli Ólasyni hdl., f.h. Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf., bent á að senda þyrfti Neytendastofu sérstakt erindi til þess að stofnunin tæki til meðferðar beiðni hans um að grípa til ráðstafana vegna notkunar Véla og þjónustu ehf. á heitinu.

Með bréfi Þorvaldar Emils Jóhannessonar, f.h. Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf., dags. 9. nóvember 2006, var tilkynnt að Jóhannes B. Björnsson hrl. hafi tekið við málinu. Tekið var fram að til stæði að leggja fram kvörtun vegna heitisins og óskað eftir að fá gögn málsins afhent. Með bréfi Neytendastofu, dags. 16. nóvember 2006, voru gögn málsins send Þorvaldi Emil Jóhannessyni, f.h. Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf.

3.

Með erindi, dags. 20. nóvember 2006 kvartar Þorvaldur Emil Jóhannsson, f.h. Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf., yfir óréttmætum viðskiptaháttum Véla og þjónustu ehf.

Í erindinu er rakin saga Véla og þjónustu hf., sem sé vel þekkt heiti í hugum neytenda, auk þess sem gerð er grein fyrir gjaldþroti félagsins og stofnun Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf. og Véla og þjónustu ehf. Undarlegt sé að Vélar og þjónusta ehf. skuli velja sama heiti og annað fyrirtæki sem starfar á sama markaði og kvarta strax í framhaldinu undan notkun félagsins á nafninu Vélar og þjónusta, sbr. kvörtun fyrirtækisins til Neytendastofu, dags. 15. desember 2005. Með kaupsamningi, dags. 26. júní 2006 hafi Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. keypt lausafé og önnur réttindi af þrotabúi V & Þ hf.



Rekstrarfélagið Vélur og Þjónusta ehf. sé skráð í firmaskrá og leiði rétt sinn til heitisins til hinnar upphaflegu starfsemi og áratuga notkunar á heitinu. Þá hafi Rekstrarfélagið Vélur og Þjónusta ehf. þegar hafið rekstur með áberandi hætti áður en Vélur og Þjónusta ehf. hafi komið til sögunnar. Vélur og Þjónusta ehf. reyni með óréttmætum hætti að villa á sér heimildir, misnota nafn annars félags og nýta sér orðspor þess og viðskiptavild. Það brjóti gegn 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 og er krafist að Neytendastofa kveði á um að notkun Véla og Þjónustu ehf. á heitinu sé ólöglegt og banni fyrirtækinu að nota firmanafnið.

4.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 29. nóvember 2006, var erindi Rekstrarfélagsins Véla og Þjónustu ehf. sent Vélu og Þjónustu ehf. til umsagnar. Ekkert svar barst og tilkynnti Neytendastofa, með bréfi dags. 4. janúar 2007 að bæði erindin yrðu afgreidd í einu lagi og að ákvörðun stofnunarinnar lægi fljótlega fyrir.

III.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvarta Vélur og Þjónusta ehf. yfir notkun Rekstrarfélagsins Véla og Þjónustu ehf. á firmanafninu og í kjölfarið kvartar Rekstrarfélagið Vélur og Þjónusta ehf. yfir notkun Véla og Þjónustu ehf. á firmanafninu.

Fyrirtækið Vélur og Þjónusta hf. var stofnað fyrir rúmum 30 árum og starfsemin var sala og þjónusta véla og tækja. Fyrirtækið lenti í rekstrarerfiðleikum árið 2004 og örfáum dögum áður en stjórnendur þess lögðu inn beiðni um gjaldþrotaskipti breyttu þeir nafni Véla og Þjónustu hf. í V og Þ hf. Fyrirtækið var síðan úrskurðað gjaldþrota í september 2004. Lánardrottinnar félagsins ákváðu að halda rekstrinum áfram og stofnuðu Rekstrarfélagið Vélur og Þjónusta ehf. til að taka við réttindum og skyldum þrotabúsins. Það tók til starfa í september 2004 og þremur mánuðum síðar, í desember 2004, stofnuðu fyrrum stjórnendur Véla og Þjónustu hf. einkahlutafélagið Vélur og Þjónusta ehf. í samkeppni við Rekstrarfélagið Vélur og Þjónusta ehf.

Vélur og Þjónusta ehf. og Rekstrarfélagið Vélur og Þjónusta ehf. krefjast þess að Neytendastofa kveði á um að notkun hvors annars á firmanafninu sé ólöglegt og að hún verði bönnuð þar sem um sé að ræða brot gegn 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.



2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. Af ákvæðinu má ráða að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðileg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki er lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla. Ákvæði II. kafla laga um óréttmæta viðskiptahætti, svo sem 12. gr. gegna mikilvægu hlutverki sem viðmiðun og til leiðbeiningar við mat á því hvaða kröfur eigi lögum samkvæmt að gera til viðskiptahátta.

Í 12. gr. segir:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti“

Í 12. gr. felst almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og er hún til fyllingar á vörumerkjavernd eins og sést glögg af lögskýringargögnum, s.s. greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga. Fyrri málslíður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veiti auðkennum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslíð 12. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Að mati Neytendastofu eru bæði firmanöfnin skráð á lögsmætan hátt hjá fyrirtækjaskrá. Rekstrarfélagið Vélar og Þjónusta ehf. var skráð í september árið 2004 en Vélar og Þjónusta ehf. í desember 2004. Að mati Neytendastofu kemur því 2. málslíður 12. gr. til álita í máli þessu. Ber þá að líta til þess hvort ruglingshætta milli fyrirtækjanna sé fyrir hendi.



3.

Eins og fram hefur komið verður að vera ruglingshætta á milli a.m.k. tveggja fyrirtækja til þess að ákvæði 12. gr. laga um óréttmæta viðskiptahætti eigi við. Í gögnum málsins hefur verið sýnt fram á að ruglingur hafi átt sér stað milli málsaðila. Þannig hafi m.a. reikningar Rekstrarfélagsins Véla og þjónustu ehf. verið sendir Vélum og þjónustu ehf. til greiðslu og þegar beðið sé um Vélar og þjónustu í símaskrá komi bæði fyrirtækin upp.

Ekki verður séð að Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. noti nafn sitt með vísitandi villandi hætti auk þess sem skráning þess í firmaskrá átti sér stað á undan Vélum og þjónustu ehf. Að mati Neytendastofu hefur Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. ekki brotið gegn lögum nr. 57/2005.

Rekstrarfélagið Vélar og þjónusta ehf. var skráð í firmaskrá þremur mánuðum á undan Vélum og þjónustu ehf. Nafnið Vélar og þjónusta ehf. var skráð sem firmanafn fyrirtækisins þrátt fyrir að keppinautur þess bæri nánast eins firmanafn auk þess sem ljóst væri að notkun þess kynni að valda ruglingi milli fyrirtækjanna. Að mati Neytendastofu leiðir firmanafn Véla og þjónustu ehf. til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti og brýtur því í bága við ákvæði 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005.



**IV.
Ákvörðunarorð:**

„Vélar og þjónusta ehf., Brekkugerði 16, Reykjavík, hefur með notkun firmanafnsins Vélar og þjónusta ehf. brotið gegn ákvæðum 5. og 12. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 bannar Neytendastofa Vélum og þjónustu ehf. að nota firmanafnið Vélar og þjónusta ehf.

Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar. Verði ekki farið að banninu mun viðurlögum laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins verða beitt.“

Neytendastofa, 27. apríl 2007